



Fundargerð fræðslunefndar 07. október 2015

Fundur haldinn í fræðslunefnd fimmtudagninn 7. okt. 2015

kl. 11:45 í Vopnafjarðarskóla. Mættir: Fanney Hauksdóttir, Ingvar Eðvarðsson, Hafþór Róbertsson, Svava Birna Stefánsdóttir og Fjóla Valsdóttir. Einnig kom á fundinn Aðalbjörn Björnsson

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál

Samanburður á rekstri Vopnafjarðarskóla og sambærilegra skóla.

Aðalbjörn fór yfir málið og lagði fram upplýsingar frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga. Þegar málin höfðu verið skoðuð frá ýmsum hliðum sést að Vopnafjarðarskóli er bæði hvað varðar stöðugildi og kostnað pr. nemenda í góðu meðallagi samanborið við sambærilega skóla. Nefndarmenn töldu stöðuna mjög viðunandi.

3. mál

Helstu áherslur fyrir Vopnafjarðarskóla fyrir fjárhagsáætlunargerð Vopnafjarðarhrepps 2015 – 16.

Aðalbjörn fór yfir helstu verkefni og/eða breytingar sem þyrfti að gera í skólanum á næstu misserum.

- Koma upp myndmenntastofu.
- Fjarlægja vegg í tölvustofu til að stækka stofuna svo hún henti betur sem kennslustofa
- Koma upp náttúrufræðistofu.
- Setja upp rennihurð eða annað sambærilegt í stofu 1. og 2. bekkjar.

Hvað annan búnað í skólanum varðar, taldi hann að ljúka þyrfti sem fyrst endurnýjun stóla og borða. Búið er að panta 20 sett fyrir eldri nemendur og er þá lokið endurnýjun á efri hæðinni. Vantar 20-30 sett til viðbótar til að ljúka endurnýjun á neðri hæðinni (3.-4.-5. bekk) .

Hvað varðar tölvumál skólans kom í ljós að til viðbótar þeim Ipad-um fjárfesti skólinn í 20 fartölvum (Dell). Til að staðan væri góð þarf að kaupa 20 Ipad-a til viðbótar.

Þessi upptalning er fyrir utan eðlilegt og nauðsynlegt viðhald á skólahúsnæðinu. Nokkrar umræður urðu um þau mál og fannst nefndinni og skólastjóranum mikilvægt að aðskilja þessar fjárveitinar, þannig að ljóst væri hversu mikið fjármagn væri til hvors málaflökks. Í framhaldi af þessu var rætt um að hraða þyrfti því verki að útbúa viðhaldsbók fyrir skólann til að halda utan um nauðsynlegt viðhald á húsnæði skólans.

Spurt var um “Byrjendalæsi”. Það kom fram í máli Aðalbjörns að það verkefni er í fullum gangi og er sameiginlegt verkefni sveitarfélaga á Austurlandi. Mikilvægt að fjármagn til þessa máls verði tryggt.

Einnig kom til umræðu verkefnið “Bættur námsárangur” en Skólaskrifstofa Austurlands fylgir þessu eftir með skimunum og prófum. Tryggja þarf fjármagn til þessa málaflökks til að bregðast við ef þarf.

Skólastjóri greindi frá því að þau væru byrjuð að bjóða upp á hafragraut eftir fyrsta tíma á morgnana. Nokkuð hefur tekið á að koma þessari tilraun á koppinn, en allt hefur gengið vel og virðast nemendur nokkuð sáttir að sögn Aðalbjörns. Um 85%- 90% af nemendum skólans nýta sér þetta. Vonandi verður þetta til frambúðar. Það er þó ljóst að eitthvað muni þetta kosta aukalega. Nefndin lýsti ánægju sinni með að þetta verkefni og hvatti til þess að þessu verði haldið áfram.

Mikið hefur gengið á við sundlaugina, vatnið virðist vera mengað. Það er eins og klórinn leysi upp málninguna, einnig hefur orðið vart við að vatnið skemmi sundfatnað. Ekki er boðlegt að hafa nemendur (eða nokkurn annan) í vatni sem er mengað af uppleystri málningu, þar sem vitað er að ýmis hættuleg efni eru í málningu.

Formaður reyfaði mál sem áður hefur verið rætt í nefndinni þ.e. stefnumótun sveitarfélagsins í skólamálu. Sveitarfélögum er skylt að útbúa sína eigin SKÓLASTEFNU og skal hún vera tiltæk og aðgengileg í gögnum

sveitarfélagsins. Nokkrar umræður urðu um málið og töldu fundarmenn að það þyrfti að ráða sérstakan starfsmann í vinnu við þetta og ljúka þessu sem allra fyrst.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30

Hafþór Róbertsson